



**Seljakot**  
frumkvæði • sköpun • tjáning

# Foreldrahandbók Seljakots



Leikskólinn Seljakot

Rangárseli 15

## Efnisyfirlit

Foreldrahandbók Seljakots.....	2
Hugmyndafræði og áherslur leikskólans .....	2
Leikskólinn Seljakot.....	2
Pátttökuáðlögun .....	3
Leikskólagjald.....	4
Vistunartímar .....	4
Vala.....	5
Fatnaður og aukafatnaður .....	5
Veikindi og fjarvistir .....	8
Lyfjagjöf .....	9
Óhapp eða slys .....	9
Lús og njálgur - leiðinda gestir .....	9
Bílar í lausangangi.....	11
Myndataka og samfélagsmiðlar.....	11
Skipulagsdagur.....	12
Flakk.....	12
Útivera.....	13
Vettvangsferðir .....	13
Matur og næring í Seljakoti.....	14
Matstofa .....	15
Afmæli.....	16
Leikföng að heiman.....	16
Hefðir og hátíðir .....	16
Sérkennsla og Þjónustumiðstöð Breiðholts .....	18
Foreldrasamstarf .....	19
Foreldrafundur og foreldraviðtöl .....	19
Foreldraviðtöl.....	19
Foreldrafélag og foreldraráð .....	20
Persónumöppur .....	20
Hugmyndafræðilegar áherslur í Seljakoti .....	21
Menntastefna Reykjavíkurborgar.....	21
Leikskólinn minn .....	22
Facebook .....	22

## Foreldrahandbók Seljakots

Tilgangur okkar með þessari handbók er að auðvelda foreldrum aðgengi að ýmis konar hagnýtum upplýsingum varðandi starfið í Seljakoti. Foreldrahandbókin er hugsuð sem uppflettirit fyrir foreldra, sem þeir geta nýtt sér í gegnum alla leikskólagöngu barnsins. Hér er að finna flestar reglur, hefðir og siði sem snúa að leikskólastarfinu í Seljakoti.

Leikskólinn Seljakot

Rangárseli 15

Sími 5572350

[seljakot@rvkskolar.is](mailto:seljakot@rvkskolar.is)

## Hugmyndafræði og áherslur leikskólans

Leikskólinn Seljakot starfar samkvæmt lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Á þeim grunni ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá sem inniheldur helstu sérkenni, menningu og starfshætti skóla. Leikskólinn Seljakot starfar í anda Reggio Emilia hugmyndafræðinnar.

Námskrá hefur það hlutverk að auðvelda kennurum, foreldrum og öðrum áhugasömum að nálgast markmið leikskólans. Námskráin er það tæki sem kennarar vinna eftir í öllu sínu starfi og nota við skipulagningu verkefna og í mati á vinnu sinni með börnunum. Skólanámskrána má nálgast á heimasíðu leikskólans [www.seljakot.is](http://www.seljakot.is) og [www.seljaleikskolar.is](http://www.seljaleikskolar.is)

## Leikskólinn Seljakot

Í Seljakoti dvelja u.þ.b. 84 börn samtímis og eru deildirnar fimm. Börnunum er aldursskipt eins mikið og hægt er, með því að hafa hópanna aldursskipta geta börnin valið um fleiri félagi á sínum aldri, starfið er aldurssvarandi og auðveldara í allri skipulagningu. Í Mýri og Móa eru yngstu börnin, miðhópurinn er í Seli og Koti og elstu börnin eru í Bóli.

## **Þátttökuaðlögun**

Við leggjum áherslu á aðlögunarferlið. Það er mikill áfangi í lífi barns að byrja í leikskóla, eldri börnin eru oftast spennt að byrja, yngri börnin eru kannski að fara frá mömmu og pabba í fyrsta sinn. Þegar barn byrjar í leikskóla þarf það að fá góðan tíma til að kynnst leikskólanum, starfsfólki og börnum.

Aðlögunin er ekki síður fyrir foreldrana sem kynnst okkur starfsfólkinu, kynnst starfinu og börnunum sem munu leika sér við barnið þeirra. Í Seljakoti er farið eftir aðlögun sem kallast þátttökuaðlögun.

Foreldrar eru með barninu sínu fyrstu þrjá dagana í leikskólanum. Þá daga sem foreldrarnir dvelja í leikskólanum taka þeir fullan þátt í starfinu og eru til staðar fyrir barnið sitt allan tímann. Þeir sinna eigin barni, skipta á því, gefa því að borða, eru til staðar og leika með því. Þetta gefur starfsfólki tækifæri til að læra af foreldrunum og hverjar venjur barnsins eru.

**Saman öðlast barn og foreldri öryggi og traust til leikskólans.**

**Öruggir foreldrar = örugg börn.**

Foreldrar borða og fara í hvíld með sínu barni. Á meðan barnið sefur gefst tækifæri til að fá sér kaffisopa og spjalla við aðra foreldra og kennarana.

Í aðlögunarvikunni eða í stuttu áður en barnið byrjar setjast stjórnendur skólans, deildarstjóri og foreldri niður og spjalla saman um barnið og hagi þess og skrifað er undir ýmis eyðublöð sem fylgja barninu í gegnum leikskólagönguna.

Á fjórða degi kveðja börnin foreldra sína að morgni og eru allan daginn í leikskólanum.

Á aðlögunartímanum er lagður hornsteinninn að öryggi og vellíðan barnsins sem og samstarfi heimilis og skóla.

### Aðlögun

1. dagur 09:15-11:30 (Barnið borðar hádegismat og fer svo heim.)
2. dagur 08.30-14.30 ( Barnið fer í hvíld og fer svo heim.)
3. dagur 08.30-15.30 ( Barnið er fullan dag í leikskólanum en í styttra lagi)

Á 4. 5. og 6. degi mætir barnið á umsömdum tíma og dvelur til kl. 15:00 - 15:30

**Góð aðlögun er þýðingarmikil varðandi öryggi og áframhaldandi dvöl barnsins.**

### **Leikskólagjald**

Leikskólagjaldið er greitt fyrir fram og eru reikningar sendir í heimabanka mánaðarlega. Foreldrar greiða fyrir 11 mánuði á ári, ekki er greitt gjald í sumarlokun. Veittur er systkina afsláttur. Afslátt af leikskólagjöldum v. örorku eða einstæðra foreldra þarf að endurnýja í ágúst ár hvert. Námsmenn skila inn skólavottorði fyrir fram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

### **Vistunartímar**

Leikskólinn opnar kl: 7:30 og lokar kl: 17:00. Í leikskólanum er boðið upp á allt frá 4 tímum upp í 9 tíma dvöl. Hægt er að kaupa heilan, hálfan tíma og 15 mínútur. Foreldrar skrifa undir dvalarasamning sem mikilvægt er að virða vegna skipulagningar á öllu faglegu starfi, einnig raðast vinnutímar starfsfólks eftir vistunartíma barnanna.


Ef foreldrar þurfa að breyta vistunartíma er það gert í gegnum rafræna Reykjavík. <https://rafraen.reykjavik.is/> Þetta þarf gera með mánaðar fyrirvara og allar breytingar taka gildi um mánaðarmót eða 15. hvers mánaðar. Þeir foreldrar sem eru með börn hjá dagforeldrum þurfa að segja upp plássinu skriflega með mánaðar fyrirvara. Ekki er hægt að gera dvalarsamning í leikskólanum fyrr en það hefur

verið gert. Uppsögn á leikksólaplássi þarf einnig að framkvæma með mánaðar fyrirvara og tekur gildi um mánaðarmót.

## Vala

Mikilvægt er að allir foreldrar sækji Völu forritið í Appstore eða Playstore. Við notum það mikið í starfinu okkar. Þar setjum við inn myndir frá leikskólastarfinu og sendum vikupósta. Þar er einnig hægt að skoða matseðil vikunnar og upplýsingar um hvernig börnin borðuðu og hádegis lúr barnanna.

Í gegnum appið geta foreldrar líka sent okkur skilaboð og tilkynnt fjarvistir. Foreldrum er þó alltaf velkomið að hringja og þykir okkur mjög gott að eiga samtál við ykkur þegar um er að ræða veikindi eða lengri frí.



## Fatnaður og aukafatnaður

Öll börn eiga sitt hólf í leikskólanum. Það eru vinsamleg tilmæli til foreldra að gæta þess að öll föt sem börnin þurfa séu í leikskólanum. Gott er að fara yfir föt barnsins á hverjum degi, taka það sem er skítugt og setja hreint í staðinn. Leikskólinn er ekki með aukaföt fyrir börnin. Í leikskólanum er ekki pláss til þess að geyma poka og töskur. Foreldrar tæma hólfina á föstudögum, þau eru þrifuð um helgar. Börnin eru hvött til að ganga frá fötunum sjálf og þá eiga fötin það til að rata í vitlaus hólf og þá er gott fyrir kennara og foreldra að sjá hver á hvaða föt - mörg börn eiga eins skó og fatnaður er oft mjög svipaður. Mikilvægt að merkja öll útiföt barnanna. Það auðveldar frágang.



Aukafatakassi
2 samfellur eða nærföt
2 sokkabuxur
2 sokkar
2 langerma bolir
1 jogging buxur/leggings
1 pk. bleiur - ekki buxnableiur
Krem (ef vill)
Auka húfa
Auka vettlingar
Auka ullarsokkar

**Mikilvægt er að merkja allan fatnað vell!**

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að allt sé til staðar í hólfi og aukafatakassa.

Á föstudögum þarf að taka allan fatnað barnanna ásamt skófatnaði með heim

**Í hólfi barns í fataklefa á að vera:**

Pollajakki og pollabuxur	Sumarjakki
Úlpa	Pollajakki og pollabuxur
Hlý peysa/flíspeysa	Hlý peysa/flíspeysa
Hlýjar buxur/flísbuxur	Hlýjar buxur/flísbuxur
Lambhúshetta Húfa	Hlý húfa
Pollavettlingar	Þunn húfa/buff
Inniskór/sokkaskór	Pollavettlingar
Flísvettlingar (Ekki fingravettlingar)	Vettlingar (ekki fingravettlingar)
Pykkir sokkar/ullarsokkar	Skór
Stígvél	Stígvél
Kuldasl	Skask



# Klæðið börnin vel í kuldanum

Það þarf að klæða börn öðru vísi en fullorðið fólk þegar frosti herðir og fer niður fyrir tíu stig. Lítil börn hafa ekki jafn góða stjórn á líkamshita og fullorðið fólk og eru með viðkvæmari húð.



## HÖFUÐ

Vindþétt húfa sem hlífir vel enni, kinnum og hálsi.

## ATHUGIÐ

Finndu hita á hálsi og höndum barnsins. Ef barnið er hvorki sveitt né kalt er líkamshitinn í lagi.

## INNSTA LAGIÐ

á vettlingnum á að vera úr þunnri ull.

## MILLILAG

Mjúk ull eða flísefni (ullarflís eða polýesterflís).

Pláss fyrir þykka sokka og jafnvel auka innlegg.



Stærri börn

## KÖLD OG ERGILEG

Ef barnið grætur og er óánægt getur það verið merki um að því sé kalt.

## Kuldakrem

Í miklu frosti er gott að bera kuldakrem á andlitið. Notið þá krem sem inniheldur ekki vatn.

## HÁLS

Buff eða annað hálsskjól sem liggur ekki of þétt að hálsi og hægt er að setja fyrir vitin.

## YSTA LAG

Vatnshelt og vindþétt efni sem andar. Útigallar fyrir yngstu börnin. Hafið börnin alltaf í vindþéttum skjólfatnaði í vettvangsferðum, helst með hettu.

Gott er að hafa tvöfalt lag á hnjónum eða bót úr slitsterku efni.

## SKÓR

sem halda frá vatni og kulda. Fóðruð vetrarstígvél/skór sem geta andað.



## Veikindi og fjarvistir

Ekki er aðstaða fyrir veik börn í leikskólanum enda er hann eingöngu ætlaður frískum börnum. Við höfum ekki börnin inni til að fyrirbyggja veikindi en höfum komið á móts við foreldra eftir veikindi, börnin hafa fengið að vera inni í einn dag eftir að þau eru orðin hitalaus heima, þannig getum við metið með foreldrum hvort barnið er raunverulega orðið frískt.



Mikilvægt er að tilkynna allar fjarvistir. Hægt er að tilkynna fjarvistir í Völuappinu eða símleiðis. Síminn í Seljakoti er 557 2350 og til að ná inn á viðkomandi deild er valið eftirfarandi :

1. Skrifstofa
2. Sel
3. Ból
4. Kot
5. Eldhús
6. Mói
7. Mýri



## Lyfjagjöf

Starfsfólk leikskólans gefur ekki lyf. Foreldrar eru beðnir um að haga lyfjagjöf þannig að lyfin séu gefin heima en ekki í leikskólanum. Það er gerð undantekning á astma pústi.

## Óhapp eða slys

Í fyrsta viðtali gefa foreldrar m.a. upplýsingar um barnið og við hverja er hægt að hafa samband ef ekki næst í foreldrana. Þessar upplýsingar er afar mikilvægar fyrir kennarana ef upp koma veikindi, óhapp eða slys. Það er alltaf haft samband við aðstandendur ef þess þarf t.d. ef að koma þarf barni undir læknishendur. Ef að ekki næst í aðstandanda fer kennari með barninu.

*Það er mikilvægt að öll símanúmer séu rétt skráð og að hægt sé að ná í foreldra.*



Ef að þessi mynd er í hólfi barnsins ykkar þegar þið náðið í það í leikskólann, þá getið þið látið hvaða kennara sem er fá myndina og kennarinn gefur ykkur upplýsingar um hvað gerst hefur. Hugmyndin er að upplýsingaflæðið verði betra og að ekki gleymist að tilkynna. Þetta á við um óhöpp og skrámur. Ef um slys er að ræða hringjum við að sjálfsögðu strax og látum vita.

## Lús og njálgur – leiðinda gestir

Það virðist ekki hjá því komið að upp komi lús eða njálgur í leikskólanum, það er mikilvægt að bæði leikskólinn og foreldrar bregðist við og grípi til aðgerða. Leikskólinn er með ákveðið verklag og það er mikilvægt að foreldrar fylgi réttum ráðleggingum þegar þessa leiðinda gesti ber að garði.

## Lús - ráð til foreldra

- Fyrsta reglan er að leita að lús með því að **kemba hárið með lúsakambi**. Góð birta er nauðsynleg og að hafa ljóst undirlag þannig að lúsinn sjáist ef hún losnar úr hárinu.
- Finnist lús þarf að bera í hárið lúsalyf en þau fást án lyfseðils í lyfjabúðum. Munið að meðhöndla aðeins þann sem lús greinist hjá. Alls ekki er nauðsynlegt að allir í fjölskyldunni eða á deildinni fái meðferð með því það getur valdið ónæmi lúsarinnar gegn efniinu. Mikilvægt er að fara vel eftir leiðbeiningum og gott að ráðfæra sig við starfsfólk lyfjabúðanna eða heilsugæslunnar. Barnshafandi konur og börn undir tveggja ára aldri eiga ekki að nota lyfin nema að læknisráði.
- Eftir meðferð þarf að kemba hárið reglulega til að vera viss um að árangur hafi náðst. Yfirleitt er ráðlagt að endurtaka meðferðina eftir eina til tvær vikur þar sem nitin getur lifað meðferðina af. Hægt er að losa um nitina með því að bera í hárið blöndu af ediki og vatni til helminga og kemba síðan hárið með lúsakambi sem hefur verið vættur með ediki.
- Þrifa þarf fatnað og rúmföt þess einstaklings sem lús eða nit hefur greinst hjá. Lúsinn drepst á 30 mínútum við 50 gráðu hita, en nitin á einni klukkustund. Jafnframt drepst lúsinn á 30 mínútum við 50 gráðu frost, en nitin á fjórum klukkustundum. Hægt er að ryksuga þá hluti sem ekki er hægt að þvo eða frysta. Lúsinn getur lifað í yfir 50 klst án næringar.

Mikilvægast er að vanda til verka þegar lúsinn er meðhöndluð því skeytingarleysi verður til þess að lúsinn dafnar og breiðist út. Einnig er nauðsynlegt að láta leikskóla vita ef lúsar verður vart hjá barni

## Njálgur - ráð til foreldra

Algengasta smitleið er frá fingrum upp í munn.

Kláði við endaparmsop (mest áberandi þegar barnið er komið undir sæng á kvöldin) svefntruflanir, erting í leggöngum, lystarleysi, eirðarleysi. Njálgur er stundum einkennalaus.

### **Greining:**

Felst í því að finna orma og/eða egg við endaparmsopið. Ormarnir sjást með berum augum eins og litlir hvítir þræðir við svæðið kringum opið og einnig í saur.

Best er að skoða endaparmsopið þegar barnið finnur fyrir einkennum og nota til þess vasaljós. Hægt er að setja límband við endaparminn og þá festast egginn á og hægt er að staðfesta smit með rannsókn ef þörf er á.

### **Meðferð:**

Tvö lyf er hægt að nota við meðhöndlun á njálg, annað er selt í lausasölu en hitt er lyfseðilsskyt. Meðhöndla þarf alla fjölskylduna. Handþvottur mjög mikilvægur, sérstaklega eftir salernisferðir og fyrir mat. Almennt hreinlæti, tíðari þvottur á salerni, krönum, baðkörum, hurðarhúnum og leikföngum. Klippa neglur vel því þá festast egginn síður undir þeim. Þvo föt og rúmföt við minnst 60°hita. Dagleg nærfataskipti.

### **Hvað er hægt að gera til að forðast njálg?**

Almennt hreinlæti; handþvottur mjög mikilvægur. Forðast að vera með hendur upp í munn og setja leikföng og annað upp í munninn. Reglulegur þvottur á leikföngum

Nánari upplýsingar á vefsíðu landlæknis: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

## **Bílar í lausagangi**

Við viljum benda á að mengun getur haft slæm áhrif á heilsu okkar og sérstaklega þá sem eru með bronkítis-, astma- eða lungnasjúkdóma. Það er því mikilvægt fyrir börnin ykkar að bílar séu ekki skildir eftir í lausagangi á meðan farið er inn með börnin eða þau sótt í leikskólann.

## **Myndataka og samfélagsmiðlar**

Á heimasíðu skólans birtast stundum myndir en börn eru ekki nafngreind.

Af og til tökum við myndir og myndskreið af börnum í leikskólanum. Við notum myndefni til að veita foreldrum og börnum innsýn í þá starfsemi sem fer fram hjá okkur, auk þess sem alkunna er að góðar og skemmtilegar myndir gleðja. Við vistum allt myndefni í ljósmyndabanka okkar. Að jafnaði er myndefnið birt á facebook síðunni okkar og á öðrum opinberum vettvangi á okkar vegum. Hver deild er með lokaða facebook síðu sem eingöngu foreldrar barna á deild hverju sinni eru með aðgang að. Einnig er lokað síða fyrir allan skólann. Þar er einstaka sinnum settar inn myndir af viðburðum. en þess gætt að þar séu ekki birtar myndir af börnum þar sem foreldrar hafa ekki veitt leyfi til myndbirtinga. Einnig setjum við myndir inn á Völu appið.

Myndefnið kann einnig að vera birt í útgefnu kynningarefni um okkur, í fréttabréfum og í skólanámskrá.

Fjölmiðlar koma einstaka sinnum til okkar við hin ýmsu tilefni og taka myndir og myndbönd. Slíkar heimsóknir eru ávallt háðar leyfi frá stjórnendum en nemendur kunna að sjást í myndefni sem birtist í fjölmiðlum.

Til að uppfylla skyldu okkar skv. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þurfum við að afla samþykkis foreldra áður en við tökum og birtum myndir og myndskreið af börnum.

## Samtök heimilis og skóla segja þetta um myndbirtingar:

**Myndbirtingar:** Þegar hugað er að myndbirtingu á opnu svæði, þ.e. myndir sem eru öllum aðgengilegar, er gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða mynd af viðburði (s.s. mynd af hópi skólabarna við leik og störf eða íþróttaliði) eða af tilteknum og jafnvel nafngreindum einstaklingi. Alla jafna mega fyrrnefndar myndir vera á opnum svæðum á meðan myndir af einstökum og jafnvel nafngreindum börnum eiga betur heima á læstum svæðum. Skólar geta gert ráð fyrir upplýstu samþykki fyrir myndbirtingu á sínum síðum, þ.e. að foreldrar og forsjáaraðilar geti beðið um að engar myndir birtist af sínu barni, t.d. við innritun í skólann. Einnig er vert að huga að því hvaða skilmálar og höfundarréttarákvæði fylgja myndefninu. Hvatt er til varúðar og nærgætni við allar myndbirtingar af börnum á vegum skóla eða annarra aðila í æskulýðs- og tómskundastarfi. Um allar myndbirtingar, hvort sem er á opnu eða læstu svæði, gilda eftirfarandi viðmið: **Börn skulu aldrei sýnd á niðrandi eða óviðeigandi hátt, t.d. þannig að þau séu nakin eða klæðalítill, vansæl eða í erfiðum aðstæðum.**

Það eru vinsamleg tilmæli að taka ekki myndir af börnunum í aðlögun og á viðburðum á vegum leikskólans. Þar sem við lifum á tækniöld og mörgu er deilt á facebook, þá virðum við það við aðra foreldra sem ekki vilja að myndir og myndbönd af þeirra börnum birtist á samfélagsmiðlum.

## Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru sex á starfsárinu, þá er leikskólinn lokaður. Skipulagsdagar eru nýttir til símenntunar og til að skipuleggja og meta starfið í leikskólanum. Dagarnir koma fram í starfsáætlun leikskólans og eru einnig auglýstir með góðum fyrirvara. Mælst er til þess að þrír skipulagsdagar séu samræmdir leik- og grunnskólum í Seljahverfi, hinir þrír dagarnir geta verið heilir, hálfir eða hluti úr degi. Skipulagsdagar fyrir hvert starfsár eru ákveðnir í samráði og samþykktir af foreldraráði leikskólans.

## Flakk

Tvisvar sinnum í viku er Flakk í Seljakoti, þar sem börn og kennarar velja sér viðfangsefni. Flakkið er á mánudögum og miðvikudögum og er vel útfært og skemmtilegt. Börnin eru afar áhugasöm um að velja sér svæði og skapast mikil ró og vinnugleði í leikskólanum. Leikskólanum er skipt upp í sex svæði, í Bóli er



kubbasvæði þar sem unnið er með kubba af ýmsum gerðum í bland við opinn efnivið, í Koti er hreyfing af ýmsu tagi, í Listakoti er unnið með skapandi starf, málað, opinn efniviður og skynjun, í kaffistofu og fundarherbergi er spilað með börnum úr Koti og Bóli, í Móa er myndvarpi, ljósaborð, opinn efniviður og hlutverkaleikur, í Mýri er svo yngsti árgangur Seljakots og taka þau ekki þátt í flakkinu en þar er frjáls leikur með efnivið deildarinnar. Börn og kennarar velja sér svæði og verkefni eftir áhuga og vilja. Flakkið stendur í rúman klukkutíma og geta börnin farið óhindrað á milli verkefna innan þess svæðis sem þau hafa valið sér. Börnin kynnast betur á milli deilda, þau njóta sín í fjölbreyttu og skemmtilegu starfi þar sem kennararnir fylgja þeim eftir og sjá til þess að verkefnin séu skemmtileg, áhugahvetjandi og í tengslum við grunnþætti menntunar og námssvið leikskólans.

## Útivera

Í Aðalnámskrá segir: Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Í útiveru komast börn í snertingu við náttúruna, þau skynja nánasta umhverfi sitt og læra að meta það. Utan dýra geta börn leyft sér ærslaleiki, hróp og köll. Þar geta þau hlaupið, hoppað, stokkið og klifrað. Leikvellir leikskóla eiga að vera vel fallnir til margskonar hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra. Við reynum að fara út með börnin að minnsta kosti einu sinni á dag. Oft förum við tvisvar á dag.

## Vettvangsferðir

Vettvangsferðir í nánasta umhverfi leikskólans er hluti af starfinu okkar í Seljakoti, hér mætti kalla umhverfið „náttúru í borg“. Þetta gefur börnunum möguleika á að njóta og upplifa náttúruna á eigin forsendum. Vettvangsferðir eru farnar allan ársins hring, sumar, vetur, vor og haust, sem eykur á upplifun barnanna. Með því að gefa börnunum tækifæri til að kynnast umhverfi sínu á eigin forsendum örvum við ímyndunarafl þeirra og sköpunargleði. Einnig læra þau að umgangast umhverfið af virðingu og tillitssemi. Í vettvangsferðum er unnið

markvisst að hreyfingu og skynþroska barnanna. Hreyfing um fjölbreyttar slóðir og ganga á mismunandi undirlagi æfir skynfæri þeirra og færni til hreyfingar. Vettvangsferðir gefa okkur tækifæri til að tengja markvisst við mál og læsi. Hægt er að fara í allskonar leiki þar sem börnin æfa sig að framkvæma hugtök sem lögð eru fyrir, leita að hlutum, skoða þá og meðhöndla. Þau læra að lesa umhverfi sitt og þjálfa tíma- og rýmisskyn. Börnin æfast í að vinna saman og taka tillit til allra í hópnum. Börnin njóta þess að fara í vettvangsferðir og upplifa umhverfið utan leikskólans.

### **Matur og næring í Seljakoti**

Í Aðalnámskrá leikskóla segir: Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Matmálstíminn á að vera ánægjuleg og róleg stund, við styrkjum góða borðsiði og eflum sjálfsbjargarviðleitni barnanna. Mat skal bera snyrtilega fram og hann á að vera hollur og næringarríkur. Matarframboð og matseld er í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis. Áhersla er lögð á að börnin noti hnífapör, skammti sér og smyrji sjálf og taki tillit til hvers annars við matarborðið.

Maturinn í Seljakoti kemur frá Sölufélagi garðyrkjumanna. Hægt er að skoða matseðla á heimasíðu þeirra.

<https://matartiminn.is/matsedlar.html#leik>

Matseðil er að finna í Völu appinu.

**Fæðuofnæmi:** Ef að barnið ykkar er með greint ofnæmi eða óþol þarf að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar. Þessum upplýsingum er komið til viðeigandi aðila sem sjá þá til þess að barnið fái sérfæði þar sem það á við.

## Matstofa

Í byrjun árs 2016 kviknaði hugmynd um að breyta matmálstímum í Seljakoti og taka upp matstofu. Matstofa er að ryðja sér til rúms í íslenskum leikskólum. Margir þeirra starfa í anda Reggio Emilia. Við heimsóttum leikskóla og kynntum okkur matstofumeninguna í Kópavogi og Reykjavík. Almenn ánægja ríkir þar sem þetta hefur verið tekið upp. Það skapast meiri samfella í starfinu á morgnana þegar börnin eru úthvöld og vel upplögð. Leikurinn fær meira vægi og dagskipulagið aukið flæði. Kaffitímar starfsmanna eru á meðan börnin borða í hádeginu. Hádegismaturinn færist út af deildunum og það rými því nýtt aðeins í leik og starf ásamt því að börnin halda áfram að hvíla sig þar. Með nýju og breyttu dagskiplagi er markmiðið m.a. að minnka álag. Lýðræði og mannréttindi teljast til grunnþátta menntunar í Aðalnámskrá leikskóla (2011). Við trúum á getu barnanna og í matstofunni er börnin virkir þátttakendur, þau eflast í sjálfshjálp og taka eigin ákvarðanir. Kot og Ból fara í matstofu í salnum. Mýri og Móí í milli byggingunni. Öll börn í Seljakoti fara í matstofu, hver deild sendir nokkur börn frá sinni deild í einu og einn kennari er líka í matstofu frá hverri deild, þannig kynnast börn og kennarar þvert á deildir. Á meðan börnin borða er lögð áhersla á rólega stund inn á deildum, með frjálsum leik. Í matstofu er hlaðborð þar sem kennarar aðstoða börnin eftir þörfum og er markmiðið að gera börnin sjálfbjarga og efla sjálfstæði þeirra. Þau skammta sér sjálf á diskinn og líkt og áður eru þau hvött til að smakka allan mat. Matmálstíminn á að vera ánægjuleg og róleg stund, við höldum áfram að styrkja góða borðsiði, hlustum á rólega tónlist og njótum matarins í fallegu umhverfi. Börnin geta valið hversu lengi þau borða, við hvaða borð þau sitja og hjá hverjum þau sitja - vinum, systkinum eða hverjum sem er. Þegar þau eru orðin södd og sæl þá ganga þau frá sínum borðbúnaði og fara inn á sína deild. Kennarar skrá hvernig börnin borða. Matsofa er frá kl. 11:00 - 12:15.

## **Afmæli**

Á afmælisdegi barns er barnið í hávegum haft, það fær afmæliskórónu, teknar eru myndir af barninu, þær hengdar upp og fara svo í persónumöppu barnsins. Barnið er miðpunktur dagsins og er m.a. þjónn, það fær að velja fyrst, velja hvað er sungið og hvaða bók er lesin í samverustund og jafnvel hvaða leiki er farið í. Leikskólinn hefur komið sér upp sérstökum afmæliskassa og fá börnin að velja sér afmælisdisk, glas og diskamottu til borðskreytinga. Einnig fá börnin að velja sér afmælisskikkju. Ekki er í boði að koma með veitingar að heiman.

**Ef að foreldrar vilja bjóða börnunum af deildinni heim er best að fá upplýsingar hjá kennurum á deild barnsins um heimilisföng eða símanúmer barnanna. Það eru vinsamleg tilmæli til foreldra að setja ekki „afmælisboðskort“ í hólfi barnanna.**

## **Leikföng að heiman**

Börnin mega taka með sér bók í leikskólann. Önnur leikföng eiga að vera eftir heima.

Í leikskólanum er nóg til af leikföngum fyrir öll börn skólans.

Munið að merkja hluti barnanna - bækur eru á ábyrgð foreldra.

## **Hefðir og hátíðir**

Í leikskólanum Seljakoti eru ýmsar hefðir sem myndast hafa í gegnum árin. Hér fyrir neðan er listi yfir hinar ýmsu hefðir hjá okkur. Listinn er þó ekki tæmandi.

- **Afmæli Seljakots** er 10. september
- **Alþjóðlegi bangsadagurinn** er haldinn 27. október ár hvert, að því tilefni mega börnin koma í náttfötum og með bangsann sinn í leikskólann.

- **Hrekkjavaka** er haldin 31. október og er orðin hefð fyrir því að halda uppá þennan dag í Seljakoti. Skreytum húsið, börnin mega koma í búningum og við höldum ball í salnum okkar.
- **Dagur íslenskrar tungu** er 16. nóvember Jónas Hallgrímsson er eitt dádasta ljóðskáld Íslendinga. Fæðingardagur hans hefur verið valinn dagur íslenskrar tungu. Við höldum upp á daginn ár hvert. Sú hefð hefur skapast að tólf ára gömul börn úr Ölduselsskóla koma til okkar í heimsókn og lesa fyrir börnin.
- **Á aðventunni** er reynt að skapa rólega og notalega stemmingu í Seljakoti. Hefðbundið starf fellur niður þennan mánuð. Stundarskráin er brotin upp og við tekur jólaundirbúningur. Við gerum ýmislegt sem dæmi má nefna að við fáum leiksýningu í samvinnu við Seljaborg. Foreldrum er boðið í aðventukaffi. Við gerum Seljakot að kaffihúsi einn góðan dag í desember. Við höldum jólaball fyrir börn og starfsfólk. Þá kemur jólasveinn í heimsókn.
- **Í kringum bóndadaginn** fræðumst við um þorrann og er börnum og starfsfólki boðið upp á þorramat - Feður og afar eru velkomnir í morgunmat
- **Konudagurinn** er haldinn föstudaginn fyrir konudaginn og eru mæður og ömmur velkomnar í morgunmat.
- **Bolludagur, sprengidagur og öskudagur.** Þessir dagar bera sinn ákveðna svip. Á bollar- og sprengidag gæðum við okkur á þjóðlegum réttum sem tengjast þessum dögum. Á öskudaginn höldum við grímuball og sláum köttinn úr tunnunni. Þennan dag er hefð fyrir því að starfsfólkið í Seljakoti troði upp með leiksýningu við mikinn fögnuð áhorfenda sem að sjálfsögðu eru börnin í leikskólanum.
- **Dagur leikskólans** er haldinn hátíðlegur í Seljakoti. Þann 6. febrúar árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtökin sín. Til að



vekja athygli á starfi leikskólans og stuðla að jákvæðri umræðu um leikskólastarfið höldum við upp á daginn með margbreytilegum hætti.

- **Opið hús** er haldið að vori, þá er fjölskyldum barnanna boðið að koma og kynnast leikskólastarfinu og skoða afrakstur vetrarstarfsins.
- **Sumarhátíð:** Við tökum forskot á þjóðhátíðina. Síðasta virka dag fyrir 17. júní fara öll leikskólabörnin í hverfinu í skruðgöngu með lúðrasveit í broddi fylkingar. Við göngum frá Hálsaskógi og í kringum tjörnina við Seljahlíð, þar er stoppað og sungið saman. Einn skóli fer svo fyrir framan Seljahlíð og syngur nokkur lög fyrir heimilisfólkið. Eftir skruðgönguna förum við í garðinn okkar sem við erum búin að skreyta í tilefni dagsins og höldum sumarhátíð með okkar lagi, grillum pylsur og skemmtum okkur saman, börn, starfsfólk og foreldrar.
- **Útskrift elstu barnanna** er haldin í sal Seljakirkju. foreldrum og jafnvel afa og ömmu er boðið í útskriftina. Börnin kynna útskriftarverkefni sín. Þau syngja nokkur lög og boðið er upp á veitingar sem foreldrar leggja til á sameiginlegt hlaðborð.
- **Litadagar og rugldagar** Til að brjóta upp hversdagsleikan og gera okkur glaðan dag þá höfum við litadaga reglulega yfir starfsárið þ.e. gulan, bleikan, rauðan, bláan og grænan dag. Þessa daga mæta börn og kennarar í „lit dagsins“ í leikskólann, svo höfum við haft fatarugldaga líka.

## **Sérkennsla og Þjónustumiðstöð Breiðholts**

Í Seljakoti starfar sérkennslustjóri sem heldur utan um sérkennslu leikskólans. Seljakot er í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts, þeir eru okkar þjónustuaðilar og sinna sérfræðiþjónustu til allra skóla í Breiðholti. Þar starfa sálfræðingar, leikskólakennarar með sérmenntun og félagsráðgjafar sem veita kennurum leiðsögn ef þurfa þykir, t.d ef einhver þroskafrávik eru hjá barni. Þegar haft er samband við þjónustaðila er það alltaf gert í samráði við foreldra, eins ef

foreldrar vilja leiðsögn eða einhverjar spurningar vakna varðandi barnið geta þeir haft samband við okkur og við verið milliliður í því samstarfi.

## **Foreldrasamstarf**

Okkar markmið er að eiga gott samstarf við foreldra, við vitum að það er mikilvægt þannig að barnið nýti dvöl sína sem best. Það er mikilvægt að það séu góð samskipti á milli heimila og skóla. Starfsfólk er bundið þagnarskyldu og skrifar undir það þegar það byrjar að vinna í Seljakoti. Hver deild er með töflu sem er annaðhvort í fataherbergi eða við inngang á deildina, þar skrifa kennarar ýmiskonar upplýsingar um starfið. Einnig eru sendir tölvupóstar og fréttir settar á Facebook síðu deildarinnar og skólans. Vikupóstar eru sendir í gegnum Völu.

## **Foreldrafundir og foreldraviðtöl**

Haldinn er foreldrafundur að vori fyrir foreldra nýrra barna. Tilgangur fundarins er að kynna helstu áherslupætti í uppeldisstarfi Seljakots.

Að hausti er haldinn foreldrafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt og tækifæri gefst til umræðna.

**Foreldraviðtöl:** Við upphaf leikskóladvalar eru forráðamenn boðaðir í viðtal, þar sem gagnkvæm miðlun upplýsinga á sér stað, s.s. um hagi og þroska barns og starf leikskólans. Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á ári og er þá farið yfir stöðu og framfarir barnanna. Þau eru haldin á tímabilinu janúar - mars, þá eru allir foreldrar boðaðir í viðtal, þess fyrir utan er hægt að óska eftir viðtali ef foreldrar hafa þörf fyrir, við viljum það oft frekar en að ræða málin í návist barnsins, og eins geta deildarstjórar boðað forráðamenn í viðtal ef þurfa þykir. Fundirnir eru mikilvægur þáttur í samstarfi foreldra og leikskóla.

„Áhugi minn, virðing gagnvart foreldrum og frumkvæði í samskiptum er forsenda þess að foreldrasamstarf gangi vel“

*Fjölskylda og leikskóli - handbók um samstarf*

## **Foreldrafélag og foreldraráð**

Í Seljakoti er starfandi foreldrafélag. Allir foreldrar í Seljakoti eru í foreldrafélaginu en stjórnina skipa sex foreldrar, tveir til fjórir fulltrúar frá hverri deild og að auki áheyrnafulltrúi starfsmanna. Kosið er í nýja stjórn að hausti. Foreldrar greiða í sjóð sem innheimtist tvisvar á ári. Þessi sjóður hefur greitt fyrir leiksýningar, rútukostnað, sveitaferð, boli fyrir sumarhátíð og fleira. Ýmislegt sem annars væri ekki gert og er viðbót við starfið hér.

Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar auk leikskólastjóra, kosið er í ráðið að hausti. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Nánari upplýsingar um foreldraráð er að finna á heimasíðu skólans: <http://seljakot.is/foreldrar>

## **Persónumöppur**

Hvert barn í Seljakoti á sína persónumöppu. Hún gegnir margþættu hlutverki. Börnin byrja strax að safna í möppuna og fara ekki með hana heim fyrr en þau hætta í leikskólanum. Í persónumöppuna safna börnin ýmsum gögnum frá leikskóladvöl sinni sem sýna fram á þróun, þroska og framfarir. Má meðal annars nefna sjálfsmyndir að vori og hausti, ljósmyndir við ýmis tækifæri, ljósmyndir af fjölskyldu og vinum, tilraunir barnanna til að skrifa sjálf, handa- og fótafór, bréf

sem börnin koma með að heiman og fleira. Með því að skoða möppuna getur starfsfólk, foreldrar og börn fylgst með hvernig barninu fer fram. Í raun er persónumappan eins og kíkir inn í leikskólann. Í möppuna safnast líka skemmtilegar minningar úr vettvangsferðum, uppákomum og ýmislegt annað.

### **Hugmyndafræðilegar áherslur í Seljakoti**

Í starfi okkar með börnunum er meðal annars horft til hugmyndafræði Reggio Emilia á Ítalíu en sú hugmyndafræði er þekkt fyrir skapandi starf og gagnrýna hugsun. Lögð er áhersla á að börnin fái tækifæri til að nýta sem flesta hæfileika sína svo þeir verði skapandi, gagnrýnir og sjálfstæðir einstaklingar. Þegar unnið er út frá þessari stefnu er það vinnuferlið sem skiptir mestu máli.

Í Aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á lýðræði og jafnrétti og litið svo á að börnin séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans. Þessar áherslur eru í samræmi við stefnu leikskólans.

### **Menntastefna Reykjavíkurborgar**

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 – Látum draumana rætast, byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Meginmarkmið menntastefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Hún tekur til leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og unnin í samráði við ótal aðila, fagfólk, kjörna fulltrúa, ráðgjafa, börn og foreldra. Menntastefnan er þannig ásamt Aðalnámskrá leikskóla lögð til grundvallar í leikskólastarfi í Reykjavík og byggir á fimm grunnþáttum sem eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

## Leikskólinn minn

Bæklingurinn, sem foreldrar fá afhentan fyrir aðlögun barnsins, kynnir starfsfólk deilda og segir hvernig dagurinn í Seljakoti gengur fyrir sig. Bæklingurinn er einfaldur, með ljósmyndum og stuttum texta. Tilgangurinn er að foreldrar og börn geti verið búin að kynna sér starfið í máli og myndum áður en aðlögun hefst að hausti.

## Facebook

Leikskólinn er með lokaðan facebook hóp sem heitir: **Seljakot foreldrasíða**. Endilega finnið okkur á facebook ☺

Einnig er hver deild með hóp: **Ból Seljakot - Kot Seljakot - Mýri Seljakot - Mói Seljakot**


Foreldrafélagið er einnig með sína eigin síðu: **Seljakot-foreldrafélag**.

„Það er í mínum verkahring að stuðla að því að foreldrum líði vel og finnist þeirra vera þörf“

*Fjölskylda og leikskóli - handbók um samstarf*



















# Seljakot

*frumkvæði • sköpun • tjáning*